

Vatnsgjald

Vatnsgjöld eru innheimt af öllum mannvirkjum innan lóðar sem tilheyra sömu fasteign, en fasteign er nánar skilgreind í fasteignaskrá. Samkvæmt 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 er heimilt að leggja á fasteign almennt vatnsgjald hafi vatnsveita verið tengd við mannvirki á fasteign. Mannvirki telst tengt vatnsveitu þegar heimæð hefur verið tengd frá vatnsveitulögn í vatnsinntak notanda. Að jafnaði hefst innheimta við byggingarstig 4. Vatnsveitugjöld eru innheimt með fasteignagjöldum.

Sala á köldu vatni/neysluvatni er undanþegin virðisaukaskatti.

Árlegt vatnsgjald samanstendur af fastagjaldi á hverja matseiningu og gjaldi sem miðast við stærð eignar (fermetragjald) skv. fasteignaskrá. Hámark vatnsgjalds er 0,5% af fasteignamati matshluta eignar. Liggi ekki fyrir upplýsingar um flatarmál fasteignar í fasteignaskrá skal gjaldið taka mið af fasteignamati, þ.e. vera 0,15% af fasteignamati matseiningar. Bílskúrar og sambærilegt húsnæði sem stendur við íbúðarhús (á sömu lóð) er undanþegið fastagjaldi.

Gerð húsnæðis	Fastagjald kr./matseiningu	Fermetragjald kr./m ² /ár
Íbúðarhúsnæði	12.586	188,7
Atvinnu- og iðnaðarhúsnæði	25.173	188,7

Árlegt vatnsgjald af frístundahúsi fylgir vatnsgjaldi fyrir íbúðarhúsnæði en er þó aldrei lægra en kr. 35.652.

Árlegt vatnsgjald fyrir bændabýli fylgir vatnsgjaldi fyrir íbúðarhúsnæði. Fyrir útihús er ekki greitt fastagjald á matseiningu en greitt er hálft fermetragjald.

Notkunargjald (áður aukavatnsgjald)

Auk vatnsgjalds skulu fyrirtæki og aðrir er nota vatn til annars en heimilisparfa, greiða notkunargjald skv. lögum (7. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004). Notkunargjald skal að jafnaði innheimta samkvæmt mæli sem Norðurorka leggur til. Mælar eru settir upp í atvinnuhúsnæði og þar sem ætla má að vatnsnotkun sé mikil. Auk þessa er ákvæði í reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 sem heimilar innheimtu samkvæmt áætlun ef ekki er hægt að koma við mælingu.

Notkun	Verð kr/m ³
Notkun Akureyri og nágrenni	30,90

Vatnstökustútur

Árlegt vatnsgjald innheimt fyrir aðgang að vatnstökustút (m.a. til vökvunar, brynningar dýra og þrifa). Innifalið í gjaldi er opnun að vori og lokun að hausti ásamt hefðbundnu viðhaldi heimlagna.

Vatnstökustútur	Kr/ár
Árlegt vatnsgjald	35.895